

Ávarp forstjóra Fjármálaeftirlitsins á ársfundi stofnunarinnar 26. nóvember 2009

Hæstvirtur ráðherra, herra sendiherra, formaður, góðir gestir.

Góðan dag og velkomin á þennan ársfund Fjármálaeftirlitsins. Síðasti ársfundur stofnunarinnar var haldinn haustið 2007, nánar tiltekið 27. nóvember. Annar var fyrirhugaður haustið 2008, en var aldrei haldinn af ástæðum sem ég held að ég þurfi ekki að skýra fyrir þeim sem hér sitja.

Allt frá því að bankarnir hrundu fyrir rúmu ári höfum við Íslendingar meðal annars tekist á við spurningar um hverjar ástæðurnar hafi verið. Margir leggja áherslu á að fjármálaáfallið hafi verið alþjóðlegt, aðrar þjóðir fengu líka að kenna á því. Aðrir finna fyrst og fremst íslenskar ástæður og ganga jafnvel svo langt að tengja áföll okkar örfáum einstaklingum.

Flestir þeir sem tjá sig um hrunið hafa eitthvað til síns máls. Morgunljóst er þó að hremmingar okkar verða ekki endanlega afgreiddar með einni bók, úttekt eða rannsókn. Við eigum eftir að takast á við afleiðingarnar og rýna í hvað gerðist um mörg ókomin ár.

Eitt má þó fullyrða og það er að bankahrunið á Íslandi átti sér forsögu. Það var ekki eitthvað sem við „lentum í“ fyrirvaralaust, óeðlilega miklar afskriftir útlánasafna lánastofnana sýna það ótvírætt. Þegar horft er til baka má einnig sjá að lánastofnanir okkar höfðu marga veikleika. Þar má nefna slaka áhættustýringu, stjórnunarhætti og innra verklag – allt þetta samfara gríðarlegri áhættusækni.

Stór hluti eigna lánastofnananna hvarf við hrunið. Þetta kemur fram þegar litið er á efnahagsreikninga þeirra. Heildareignir á samstæðugrunni námu 16.550 ma. kr. í júní 2008 en eru áætlaðar aðeins 3.300 ma.kr., að frátöldum eignum gömlu bankanna, í lok júní 2009. Það er því kannski nóturleg en sönn lýsingin á örum hagvexti hérlendis, árin fyrir hrun, að hann hafi verið fenginn að láni.

Rannsóknir margra mála sem Fjármálaeftirlitið hefur unnið að í kjölfar hrunsins virðast benda til að auk óeðlilegra viðskiptahátta hafi alvarleg lögprot verið framin innan íslenskra fjármálafyrirtækja. Þar má nefna markaðsmisnotkun, innherjaviðskipti og hugsanlega umboðssvik. Til viðbótar því að varða við lög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með kunna sum brot hugsanlega að varða við hegningarlög, bæði hér á landi og í öðrum löndum.

Íslenska viðskiptalíkanið – sem mjög hefur verið hrósað undanfarin ár – reyndist því miður vægast sagt ófullkomið. Ofurmetnaður útrásarinnar var ekki í neinu samhengi við getu og bolmagn bankanna og annarra fyrirtækja hagkerfisins. Enn fremur bruguðst eftirlit og eftirlitakerfi, bæði innan og utan fjármálafyrirtækjanna.

Hvað varðar Fjármálaeftirlitið má nefna að hvorki fjöldi starfsmanna, né fjárhagslegur styrkur þróaðist í samræmi við öran vöxt fjármálafyrirtækja. Meðan vöxtur stofnunarinnar var línulegur einkenndi veldisvöxtur eignir eftirlitsskyldra aðila en eignir þeirra jukust um 554% á tímabilinu 2000 til 2008 á meðan starfsmannafjöldi FME tvöfaldaðist. Til viðbótar má nefna að veruleg starfsmannavelta veikti Fjármálaeftirlitið á sama tíma.

Ég kom að því hér í byrjun að engin ársskýrsla kom út á síðasta hausti enda urðu þá snögg umskipti hvað varðar verkefni Fjármálaeftirlitsins. Í kjölfar setningar svokallaðra neyðarlaga, eða laga númer 125/2008 í október á síðasta ári voru stóru viðskiptabankarnir þrír: Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Glitnir banki hf., teknir yfir af Fjármálaeftirlitinu og skipt í gamla og nýja banka og skipaðar skilaneindir yfir gömlu bankana. Síðar átti eftir að fylgja yfirtaka fleiri fjármálafyrirtækja þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur Straums Burðaráss Fjárfestingabanka hf., SPRON og Sparisjóðabankans í mars 2009. Fjármálaeftirlitið hóf þegar úttektir á þessum fyrirtækjum og beindi jafnframt þeim tilmælum til skilanefnda bankanna að ráða sérfræðinga til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi bankanna fyrir fall þeirra.

Þrátt fyrir að mikillar og að mörgu leyti eðlilegrar óþreyju hafi gætt fyrstu vikunnar og mánuðina eftir hrunið verður ekki annað sagt en að rannsóknnum Fjármálaeftirlitsins hafi miðað vel áfram. Nú hafa verið send 27 mál til sérstaks saksóknara sem hann hefur í einhverjum tilvikum ákveðið að skipta í fleiri. Þó er ljóst að rannsóknir Fjármálaeftirlitsins munu halda áfram og standa yfir allt næsta ár, hið minnsta.

Þær raddir hafa heyrst, þegar Fjármálaeftirlitið hefur tekið á málum, að tiltekin mál séu smá og að Fjármálaeftirlitið eigi að einbeita sér að stærri málum. Ég vil benda á að við höfum ekki þann lúxus að velja hvaða lögum eigi að framfylgja og hvaða lögum ekki. Þar sem lög eru óljós verðum við einnig að láta á þau reyna. Gagnrýni af þessu tagi á vafalaust eftir að aukast á næstu mánuðum og jafnvel árum eftir því sem mál koma fram. Þeir sem rannsókn beinist að munu grípa til margháttaðra varna sem meðal annars munu felast í því að stíga fram í fjölmiðlum og túlka mál á sinn hátt. Við þessu getur Fjármálaeftirlitið illa brugðist þar sem sá lagarammi sem stofnunin vinnur eftir takmarkar möguleika okkar á að tjá okkur um einstök mál. Ég vil þó nefna að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur nú samþykkt nýja gagnsæisstefnu. Með henni hefur Fjármálaeftirlitið meira svigrúm til að birta niðurstöður í fleiri málum og athugunum en áður.

Starf Fjármálaeftirlitsins hefur beinst að fleiru en rannsóknnum undanfarið ár. Mikilvægt viðfangsefni Fjármálaeftirlitsins eftir hrun var vinna tengd uppgjöri á milli gömlu bankanna og hinna nýju, að ganga frá fjármálagerningi á milli þeirra og tryggja nýju bönkunum eigið fé og starfshæfi. Liður í þeirri vinnu var að láta framkvæma verðmat á þeim eignum sem færðar voru í nýju bankana. Til að framkvæma matið fékk Fjármálaeftirlitið alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofuna Deloitte og ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman sem óháðan þriðja aðila til að hafa tilsjón með matinu.

Á vordögum gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á nýju bönkunum og viðskiptaáætlunum þeirra, svo og fjárhagslegum styrk þeirra og eiginfjárbörf í svokölluðu endurreisnarverkefni (e. sign-off project) með aðstoð Oliver Wyman. Með tilliti til gæða eignasafna og efnahagslegrar óvissu næstu missera taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að gera hærri eiginfjárkröfu á bankana en lögboðið lágmark segir til um. Eiginfjárkrafa Fjármálaeftirlitsins í tilfelli bankanna þriggja er því að lágmarki 16% CAD hlutfall. Sambærileg eiginfjárkrafa verður gerð til annarra fjármálafyrirtækja. Ljóst er að staða sparisjóðanna er áhyggjuefni en stjórnvöld hafa leitað leiða til að tryggja framtíð sparisjóðakerfisins á Íslandi.

Eins og fram kemur í nýrri ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins hefur mikil vinna fylgt falli bankanna innan allra sviða Fjármálaeftirlitsins. Vinna við yfirtöku fjármálafyrirtækjanna hvíldi að verulegu leyti á lánasviðinu.

Verðbréfasvið sinnti aftur á móti margháttaðri rannsóknarvinnu. Vátryggingasvið þurfti meðal annars að takast á við fall eins af stóru vátryggingafélögum. Þá fékkst lífeyris- og verðbréfasjóðasvið við margháttaðar athuganir vegna erfiðleika lífeyrissjóða og verðbréfasjóða í framhaldi af bankahrununu.

Ný verkefni hafa bæst við hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu 2009. Þar má nefna eftirlit með innheimtuaðilum og einnig fagfjárfestastjóðum. Enn fremur gegnir stofnunin hlutverki rannsóknaraðila vegna meintra brota gegn lögum um gjaldeyrismál. Alls nemur vinna við þessi nýju verkefni nú rúmlega sex stöðugildum.

Eins og Gunnar Haraldsson nefndi í ávarpi sínu var nýtt skipurit Fjármálaeftirlitsins samþykkt nýlega. Það er afrakstur skipulagsbreytinga sem unnið hefur verið að innan Fjármálaeftirlitsins undanfarna mánuði til að styrkja stofnunin og auka afl hennar. Stofnað hefur verið nýtt svið réttarreikningsskila (e. Forensic Accounting) og ný staða yfirlögfræðings. Þá verður vaxandi áhersla í framtíðinni lögð á eftirlit í formi vettvangsathugana. Stefnt er að því að slíkar heimsóknir verði eðlilegur þáttur í eftirliti og þykir hvorki fréttæmar meðal eftirlitsskyldra aðila né fjölmiðla.

Fjármálaeftirlitið fylgist einnig náið með umræðu um breyttar áherslur varðandi framkvæmd eftirlits á fjármálamörkuðum í nágrannalöndunum og innan Evrópusambandsins og hefur tekið þátt í endurskoðun laga sem varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Liður í eftirliti í framtíðinni verður að sýna aukið frumkvæði og liður í því er einmitt að fara á vettvang en láta ekki nægja að rýna í niðurstöður reikningsskila og aðrar skýrslur. Þá er mikilvægt að leggja áherslu á að skynja hættumerki snemma og bregðast við þeim. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstætt og ákveði sjálft hvernig það hagar eftirliti en eigi jafnframt góða samvinnu við eftirlitsskylda aðila.

Framundan eru erfiðir tímar sem munu reyna á alla Íslendinga, ekki síst stjórnendur og starfsmenn íslenskra banka. Þrátt fyrir að við höfum orðið fyrir áfalli megum við ekki gleyma því að við erum öflug þjóð sem hefur ávallt sýnt styrk sinn þegar vanda hefur borið að höndum. Þá eigum við mikið af góðu starfsfólki í fjármálageiranum sem nú þarf að vinna af alefli að því marki að byggja upp sterk og traust fjármálafyrirtæki þar sem bætt verður úr þeim ágöllum sem óneitanlega hafa verið á þeim undanfarin ár. Eins verðum við sem sinnum eftirliti eins og aðrir, þar með taldir fjölmiðlar, alþjóðleg matsfyrirtæki og stjórnámamenn að líta í eigin barm og skoða hvað hefði mátt betur fara og bæta úr.

Meðal mikilvægustu verkefna Fjármálaeftirlitsins er að endurheimta traust okkar Íslendinga á erlendum vettvangi. Ég bið eftirlitsskylda aðila að hafa það sérstaklega í huga þegar þeim þykir afgreiðsla ganga seint, eða stofnunin ganga of hart fram í einhverjum málum, að liður í að öðlast þetta traust er að Fjármálaeftirlitið sinni eftirlitshlutverki sínu af fullum þunga.

Við þurfum að vinna okkur saman út úr þeim vandamálum sem við erum nú í. Liður í því verður að leggja áherslu á erlent samstarf og samskipti, að vera óhrædd við að læra af öðrum en reyna ekki að finna upp hjólið sjálf. Þá þurfum við að tileinka okkur betur að taka uppbyggilegri gagnrýni og vinna úr henni.

Ný stjórn Fjármálaeftirlitsins tók til starfa í byrjun þessa árs. Hún kom öll ný inn og þurfti að glíma við vandamál í íslensku fjármálalífi og álitamál af stærðargráðu sem fæstir kynnast á lífsleiðinni. Það hefur

verið afar ánægjuleg reynsla að vinna með þessari samstilltu stjórn og takast á við erfið mál með það í huga að finna farsælar lausnir.

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins, sem nú eru orðnir 75 og hafa meðal annars sérhæfingu á sviði hagfræði, lögfræði, tryggingastærðfræði, verkfræði, viðskiptafræði og upplýsingatækni hafa þurft að vinna undir gríðarlegu álagi síðastliðin ár. Falli bankanna hafa einnig fylgt kröfur um skjótar niðurstöður endurreisnar- og rannsóknarmála sem auka álagið enn frekar.

Starfsandi hefur verið góður innan Fjármálaeftirlitsins og starfsfólk lagt sig fram um að skila faglegri og vandaðri vinnu. Fyrir það er ég þakklátur og með þá vitneskju, nýtt og öflugra skipulag, aukinn mannafla og afar umfangsmikla og að sumu leyti bitra reynslu starfsfólks Fjármálaeftirlitsins í farteskinu, treysti ég mér til að lofa mjög öflugri íslenskri stofnun í framtíðinni.

Þegar við horfum til framtíðar og hugleiðum enduruppbyggingu bankakerfisins er hugsanlegt að taka fjármálakerfið í Kanada til fyrirmyndar, en það kerfi byggist á sterkum viðskiptabönkum sem þjóna samfélaginu en eftirláta aðra þætti eins og áhættufjárfestingar, miðlun, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og umsýslu lífeyrissjóða sérhæfðum fyrirtækjum. Paul Volcker, fyrrverandi bankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna hefur einmitt lofað þetta kerfi. Næsti ræðumaður hér er einmitt Alan Bones, sendiherra Kanada, sem féllst á að fræða okkur nánar um fjármálakerfi Kanada hér á ársfundi Fjármálaeftirlitsins 2009.